

Kirkjuþing 2021-2022

32. mál – þskj. 32

T I L L A G A

til þingsályktunar um áframhaldandi gildi samþykktra þingsályktana kirkjuþings.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Guðlaugur Óskarsson.

Kirkjuþing ályktar að þingsályktanir kirkjuþings muni halda gildi sínu eftir því sem við á.

Greinargerð.

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir: *Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.*

Þingsályktanir kirkjuþings, sem samþykktar hafa verið á kirkjuþingum og birtar hafa verið í Gerðum kirkjuþings, munu samkvæmt þessu ákvæði falla úr gildi 31. desember 2021. Með vísan til þessa er lagt til að kirkjuþing samþykki að þær haldi gildi sínu eftir því sem við á.